

Föstudaginn 21. júní 1935.

Nr. 14/1935. **Réttvísinn** (Eggert Claessen)
gegn

Árna Theódór Péturssyni
(Pétur Magnússon).

Brot gegn 175. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. dez. 1934: Ákærði, Árni Theódór Pétursson, sæti einföldu fangelsi í 2 mánuði og greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal varðhaldskostnað sinn og 150 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 300 krónur til hvors.

Mál þetta hefir staðið yfir í héraði frá því í marz 1931 og til 12. dez. f. á. Sést ekki, að þingað hafi verið í málinu frá 9. dez. 1931 og út árið 1932, og er dráttur þessi ekki nægilega réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Ákærði, Árni Theódór Pétursson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmann-

anna Eggerts Claessen og Péturs Magnússonar,
300 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn Árna Theódór Péturssyni, fyrrverandi kennara, nú til heimilis á Seljavegi 27 hér í bænum, fyrir brot gegn 16. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 8. apríl 1871.

Hann hefir áður svo kunnugt sé sætt refsingu, sem nú skal greina:

- 1) 20. október 1924 sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 2) 21. júní, 13. september og 22. nóvember 1927, sektaður fyrir ölvun um 50 krónur í hvert skipti.
- 3) 30. október 1928 sektaður um 75 krónur fyrir brot gegn áfengislögunum.
- 4) 18. apríl 1929 sektaður um 60 krónur fyrir ölvun.
- 5) 16. marz, 23. ágúst, 1. október og 15. nóvember 1930 sektaður fyrir ölvun í hvert skipti um 50 krónur.
- 6) 5. maí 1931, sektaður um 50 krónur fyrir ölvun.
- 7) 16. marz 1932, sektaður um 50 krónur fyrir ölvun, öll skiptin í Reykjavík.

I.

Árið 1924 flutti að Móakoti á Vatnsleysuströnd Jón Lárus Hansson, er áður hafði búið að Hlíð í Þorskafirði, ásamt konu sinni, Guðrúnu Árnadóttur og börnum þeirra, en elzt þeirra var dóttirin, Hansína Kristín, sem fædd er 4. ágúst 1916. Eftir nýjár 1929 kom á heimilið Árni Theódór Pétursson, ákærði í þessu máli, og var hann ráðinn til þess að kenna börnunum, þar á meðal Hansínu, sem hann kenndi undir fermingu, en hún fermdist vorið 1930. Þykir eigi fullsannað að ákærði beinlínis hafi verið ráðinn kennari Hansínu eftir það, enda þótt hann dveldi áfram á heimilinu. Hinn 17. maí 1929 fór Jón Hansson af heimilinu til Reykjavíkur, til þess að stunda þar atvinnu, og virðist hann síðan að mestu hafa dvalið í Reykjavík, en þó skroppið öðru hvoru að Móakoti, einkum um helg-

ar. Í febrúarmánuði 1931 tókst hann ferð á hendur norður í land, en er hann kom úr þeirri ferð í marzmánuði sama ár, frétti hann að ákærði hefði, meðan hann var burtu úr bænnum, gíst með dóttur hans, Hansínu Kristínu, í sama herbergi í gistihúsi Hjálpræðishersins hér í bænum í þrjár nætur. Með bréfi til lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 25. marz 1931, skýrir Jón Hansson síðan frá þessu jafnframt því, sem hann telur það engum vafa undirorpið, að ákærði hafi við þetta tækifæri lokkað telpuna til saurlífnaðar, og krefst hann þess, að mál þetta verði tekið til rannsókna, og að ákærði verði síðan látinn sæta þeirri refsingu, sem rannsóknin leiði í ljós, að hann hafi unnið til.

II.

Hinn 31. marz 1931 rannsakaði Bjarni Snæbjörnsson, læknir stúlkuna Hansínu Kristínu Jónsdóttur, og kom þá í ljós við þá rannsókn, að meýjarhaftið var rífið. Sama dag og rannsókn þessi fór fram, kom Hansína Kristín fyrst fyrir rétt undir rannsókn þessa máls. Skýrði hún þá svo frá, að faðir hennar, Jón Lárus Hansson, hefði, er hún var aðeins 9 ára gömul, byrjað að sýna sér áleitni og hafa við sig holdleg mök. Í janúarmánuði 1931 hafi hún samkvæmt beiðni föður síns komið til Reykjavíkur og þá sofið hjá honum í tvær nætur í herbergi inn af búð hans á Lindargötu 8. Hafi hann þá fyrra kvöldið haft með sér holdlegar samfarir, að henni nauðugri, og meýjarhaftið þá ríft. Í þessu réttarhaldi neitaði Hansína því hinsvegar eindregið, að nokkur annar, hvorki ákærði né aðrir, hefðu haft líkamleg mök við hana, og yfirleitt talar hún vel um ákærða. Hinsvegar játar Hansína það í þessu réttarhaldi, að hún hefði í febrúarmánuði sama ár farið til Reykjavíkur ásamt ákærða, og þau hafi þá í þrjár nætur, meðan þau stóðu við í Reykjavík, gíst í sama herbergi í gistihúsi Hjálpræðishersins. Kveðst hún hafa farið þessa ferð til Reykjavíkur að ráði móður sinnar, til þess að leita sér lækninga, við brjósthimnubólku, er talið var að hún gengi með. Gert hafi verið ráð fyrir, að hún gisti hjá móðursystur sinni á Nýlendugötu 15, enda hafi henni verið boðin gisting þar, er hún kom til bæjarins, en vegna þess að veikindi voru þar í húsinu, kveðst hún hafa veigrað sér við að þiggja það. Er ákærði svo bauð henni að gista hjá

sér á Hernum, þá þáði hún það. Gisti hún síðan eins og áður greinir, þrjár nætur í sama herbergi og ákærði, en í umræddu réttarhaldi segir hún, að þau hafi ávallt sofið sitt í hvoru rúmi, og ákærði ekki leitað neinna maka við hana.

Hinn 9. aprílmánaðar 1931 kom svo Jón Lárus Hansson fyrir rannsóknarréttinn. Neitaði hann því þá og ávallt síðan, að hafa á nokkurn hátt haft holdleg mök við Hansínu, dóttur sína, og að hafa sýnt viðleitni í þá átt. Hann kvað það hinsvegar rétt, að Hansína hafi sofið hjá sér á Lindargötunni, eins og hún hafði borið, og hafi telpan þá um kvöldið rífið sig úr öllum fötunum, nema skyrtunni, hlaupið síðan í fangið á honum og sagt við hann: „Vertu góður við mig, pabbi“, en hann þá spurt hana, hvernig henni kæmi slíkt til hugar, og þau síðan sofnað í rúminu, án þess að nokkur holdleg mök færi þeirra í milli. Skýrir Jón Hansson greinilegar frá þessu í réttarhaldi 10. september 1931, og segir þá, að telpan hafi að sínu fyrirlagi komið til Reykjavíkur 4. febrúar um veturinn, til þess að hann gæti líftryggt hana. Hafi þau svo sofið saman tvær næstu nætur, og fyrri nóttina ekki borið á neinni óeðlilegri áleitni frá telpunnar hálfu, en síðari nóttina hafi hún sýnt sér þá áleitni, sem áður getur. Í lok réttarhaldsins 10. september, var Jón Hansson úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hinn 12. september heldur rannsókninni síðan áfram. Þá kemur Hansína Kristín enn fyrir réttinn. Hélt hún þá við sinn fyrri framburð í öllum greinum, en að réttarhaldinu loknu, var hún sett í varðhald og síðan úrskurðuð í gæsluvarðhald daginn eftir eða 13. sept. 1931. Þau Hansína og Jón héldu nú hvort í sínu lagi fast við framburði sína þangað til í réttarhaldi 1. október 1931, en þá játaði Hansína að allur fyrri áburður hennar á föður hennar, væri rangur, og að hann hefði hvorki haft holdleg mök við hana, er þau sváfu saman á Lindargötu né endranær. En jafnframt þessari afturköllun fyrri framburðar síns, staðhæfir Hansína, að ákærði í þessu máli og hann einn, hafi haft holdlegt samræði með henni og að það hafi gerst seinustu nóttina, sem þau sváfu saman í herberginu á Hernum, eins og áður greinir. Hafi hann þá komið í rúmið til hennar og haft samfarir við hana, án þess að hún veitti því nokkra mótspyrnu. Þetta hafi verið

í eina skiptið, sem ákærði hafi haft samfarir með henni. eða sýnt henni nokkra ástleitni. Kveðst hún í fyrstu hafa borið þetta á föður sinn vegna þess, að henni þótti hann haga sér andstyggilega, eins og hún orðar það, með því að kæra ákærða.

Í réttarhaldi 2. október 1931, gaf Hansína ítarlega skýrslu um samfarir hennar og ákærða og aðdragandann að þeim. Skýrir hún þá svo frá, að fyrst eftir að ákærði kom að Móakoti, hafi sér verið illa við hann og þótt hann ógeðslegur, enda hafi hún eftir að hann fór að kenna henni, sýnt honum mótþróa og verið ertin við hann. Eftir jólin 1930 kveður hún ákærða hafa breyzt gagnvart sér þannig, að hann var með ýmislega ástardellu, en þó eingöngu í orði, og hafi hún í fyrstu haldið, að hann væri aðeins að stríða sér. Síðan kveður hún hann hafa verið með flangs við sig, sem hún hafi látið afskiptalaust. Sunnudag einn í febrúarmánuði 1931, kveðst hún hafa farið með ákærða suður í Voga að gamni sínu. Voru þau gangandi og tvö ein. Á heimleiðinni leiddust þau, enda var orðið dimmt. Þá kveður hún að ákærði hafi fært það í tal, að þau þyrftu að fara saman til Reykjavíkur, því að hann þyrfti margt við hana að tala, og setti hún þessar ráðagerðir ákærða í samband við ástleitni hans. Kveður hún ákærða þá hafa sagt, að bezt væri að hún gerði sér upp veikindi, og skyldi hann svo fylgja henni til Reykjavíkur, og fékk ákærði hana með fortölum til þess að fallast á þetta. Er heim kom, þóttist hún vera lasin, og fóru þau síðan hún og ákærði, miðvikudag eða fimmtudag í sömu viku til Reykjavíkur, undir því yfirskini, að hún færi til Matthíasar Einarssonar, lækni, til skoðunar. Er til Reykjavíkur kom fór hún ekki til læknisins, en þau, hún og ákærði bjuggu saman á Hernum í þrjár nætur í herbergi, sem í voru tvö rúm. Kveður hún nú ákærða allar næturnar hafa komið í rúm sitt og haft holdlegar samfarir við sig, án þess að hún veitti mótþróa, en annars hafi þau sofið sitt í hvoru rúmi. Þegar heim kom kvaðst hún hafa sagt móður sinni, að hún hefði sofið í sama herbergi og ákærði, en eigi frekara í þá átt, og að hún hefði farið til læknisins, sem hefði sagt að ekkert gengi að henni. Er faðir hennar, sem verið hafði á ferð norður í landi, kom heim, og fékk vitneskju um það, að hún og ákærði hefðu

sofið í sama herbergi, kveður hún hann hafa orðið reiðan og hótað ákærða öllu illu. Hafi faðir hennar síðan farið til Reykjavíkur, en ákærði farið af heimilinu sama dag, en áður en ákærði fór, kveður hún hann hafa tekið ströng loforð af sér um það, að koma aldrei upp um sig, því hann vildi hafa sínar hendur hreinar. Síðar kveður hún ákærða oft hafa ámalgað þetta sama við sig, og hafi ákærði hálf hrætt hana til þess að koma ekki upp um hann. Auk þess, sem hún kveður ákærða þannig hafa látið sig lofa að koma ekki upp um hann, þá kveður hún ákærða ennfremur hafa sagt sér, ef lækniSSkoðun færi fram á henni, og hún yrði þar af leiðandi að tilgreina einhvern karlmann, sem hefði haft samfarir við hana, að bera það fram, að faðir hennar væri sá eini, sem hefði haft samfarir við hana, og að það hefði gerzt, er hún svaf hjá honum á Lindargötunni, en það hafi verið ákærða kunnugt, að þau feðginin höfðu sofið saman þar. Í réttarhöldum 3. október heldur Hansína að öllu leyti við þenna framburð sinn, og er henni þá sleppt úr gæzluvarðhaldi. Í réttarhaldi 28. október 1931 breytir Hansína hinsvegar framburði sínum, að því er föður hennar snertir, og segir hún nú um hann, að hann hafi gert tilraun til samfara við sig, er hún svaf hjá honum á Lindargötunni, og ennfremur sýnt sig í svipuðu, er hún var á tiunda árinu. Um ákærða er framburður hennar í þessu réttarhaldi hinsvegar óbreyttur, en hún tekur fram, að hún hafi verið búin að segja ákærða frá aðförum föður síns, er ákærði sagði henni að hún skyldi bera það, að faðir hennar einn hefði haft samfarir með henni.

Í réttarhaldi 5. marz 1934 skýrir Hansína svo frá að ákærði hafi enga áleitni sýnt sér fyrstu tvær næturnar, sem þau sváfu í herberginu á Hernum, en seinustu nóttina hafi hann haft samfarir með sér. Þá kveður hún það og ósatt, sem hún hafði áður borið, að ákærði hefði átt uppástunguna að því, að hún bæri það á föður sinn, að hann hefði haft samfarir með henni, en að öðru leyti heldur hún fast við framburð sinn gagnvart ákærða. Við framburðinn þannig breyttan heldur Hansína í síðari réttarhöldum og við lok rannsóknarinnar.

Ákærði hefir ávalt undir rannsókn málsins neitað, að hafa haft samfarir eða önnur holdleg mök við Hansínu Kristínu Jónsdóttur. Var ákærði fyrst fyrir rannsóknar-

réttingum 7. apríl 1931. Skýrði hann þá svo frá, að seinni-partinn í febrúarmánuði það ár, hefði hann skýrt hús-freyjunni í Móakoti, Guðrúnu Árnadóttur, móður Hansinu, frá því, að hann ætlaði til Reykjavíkur, og varð það þá úr, fyrir tilmæli Guðrúnar, að Hansína varð honum samferða til Reykjavíkur, þar sem hún skyldi leita læknis við sjúkdómi, sem talið var að hún væri haldin af. Kveður ákærði Guðrúnu hafa fallið orð á þá leið, að hún ætlaðist til að Hansína gisti hjá frænku sinni í Reykjavík, en er þangað kom hafi það orðið úr, að Hansína samkvæmt boði ákærða gisti hjá honum á gistihúsi Hjálpræðishersins, þar sem ákærði fékk herbergi með tveim rúmum, og kveðst ákærði hafa boðið henni gistingu hjá sér, vegna þess að hún hefði haft orð á því, að hún vildi síður gista hjá skyldfólki sínu, vegna þess að influensa gekk þar í húsinu. Svaf Hansína síðan í þessu herbergi ákærða í 3 nætur í öðru rúminu, og kveðst ákærði á Hernum hafa sagt, að hún væri skólabarn sitt. Við þennan framburð sinn hefir ákærði stöðugt haldið undir rannsókn málsins.

Um gistingu sína á Hernum þetta skipti, ber ákærði það annars í réttarhaldinu 7. apríl 1931, að hann hafi ekki farið strax á Herinn eftir að hann kom til bæjarins, eða ekki fyrr en áliðið var dags, og hafi Hansína þá eigi verið með honum. Kveðst hann þá í fyrstu hafa beðið um eins manns herbergi, en það hafi verið ófáanlegt, og tók þá tveggja manna herbergi, sem var á boðstólum, það hafi svo ekki verið fyrr en seinna, að það kom til orða, að Hansína gisti hjá honum. Í réttarhaldi 8. marz 1934, segir ákærði í fyrstu, að hann muni ekki, hvort hann hafi einn eða þau Hansína saman farið á Herinn til að panta rúm-in, en að athuguðu máli, þá heldur hann einnig þá og síðar við sinn fyrri framburð, um að hann hafi farið einn á Herinn. Í réttarhaldi 5. marz 1934 segir Hansína, að þau ákærði og hún hafi farið beint úr bílnum á Herinn og að ákærði hafi þá pantað þar tveggja manna herbergi. Vitnaframburðir, sem teknir hafa verið af fólki, sem þá dvaldi á Hernum, hniga í þá átt, að ákærði hafi í umrætt skipti þegar í upphafi beðið um tveggja manna herbergi og þá jafnframt sagt, að Hansína væri dóttir sín.

Guðrún Sigríður Bjarnadóttir, sem veturinn 1930—1931, var þjónustustúlka á Hernum, og hafði það starf með

höndum að taka til í gestaherbergjunum, hefir sem vitni borið, að ákærði hafi eftir nýjárið þenna vetur gist á Hernum í herbergi nr. 23, sem í voru tvö rúm, og var þá með honum stúlka á að gizka 15 ára gömul eftir útliti að dæma, sem svaf ásamt ákærða í fyrrgreindu herbergi. Tók vitnið til í þessu herbergi, og segir það, að suma morgnana hafi sængurnar úr báðum rúmum verið í öðru þeirra og að í því rúminu, sem sængurnar voru ekki, hafi undirlakið verið ókrumpið og órekt, en greinilegt hafi verið, að sofið hafi verið í því rúminu, sem sængurnar voru í á morgnana. Þótti vitninu þetta einkennilegt. Þá segir vitnið og, að ákærði og stúlkan hafi venjulega ekki farið út á morgnana fyrr en undir hádegi. Að þessum framburði sínum hefir vitnið unnið eið.

Sigurgeir Sigfússon, bílstjóri, hefir sem vitni borið það, að hann hafi dvalið á Hernum í febrúarmánuði árið 1931. Hafi ákærði þá tekið þar gistingu ásamt unglingstúlku, sem ákærði sagði vitninu að væri dóttir sín, og sváfu þau í sama herberginu, meðan þau gistu á Hernum, en það telur vitnið hafa verið 2—3 nætur. Einn morguninn kveðst vitnið í þeim tilgangi að sníkja tóbak hjá ákærða, sem vitnið þekkti fyrir annan, hafa farið að herbergisdýrum ákærða og bankað þar að dýrum. Er enginn ansaði hélt vitnað að ákærði væri sofandi. Opnaði það síðan hurðina, og var þá enginn í herberginu. Sá vitnið þá að annað rúmið var bælt, en hitt rúmið var óbælt og sæng í því. Eftir lýsingu þessa vitnis og vitnisins Guðrúnar Sigríðar Björnsdóttur, er það sama rúmið, er Sigríður segir að hafi verið óhreyft og Guðrún að hafi verið óbælt og sængurlaust suma morgnana. Að framangreindum framburði sínum hefir vitnið Sigurgeir Sigfússon unnið eið.

Hansína hefir haldið því fram, að þau, hún og ákærði, hafi sofið sitt í hvoru rúmi á Hernum, og hafi hún sofið í því rúminu, sem samkvæmt lýsingu framgreindra vitna var bælt. Ákærði hefir einnig haldið því fram, að hann hafi sofið í því rúminu, sem vitnunum ber saman um að hafi verið bælt, en þó neitað því að Hansína hafi sofið hjá honum. Annars er framburður ákærða um rúmin og samvistir hans og Hansínu missagnakenndur og mjög óviss um einstök atriði.

Guðrún Árnadóttir, móðir Hansínu, hefir borið, að

það hafi verið að hennar ráði, að Hansína fór umrædda för með ákærða til Reykjavíkur, og kveðst hún hafa gert ráð fyrir að Hansína gisti hjá frænku sinni á Nýlendu-götu 15 í Reykjavík, en er þau komu heim aftur, kveður hún þau hafa upplýst, að Hansína hefði gist í herbergi ákærða á Hernum. Erindi Hansínu til Reykjavíkur kveður móðir hennar hafa átt að vera það, að leita lækninga við brjósthimnabólgu, er hún var talin liða af. Er Hansína kom heim, hafi hún sagt, að hún hefði vitjað Matthíasar Einarssonar, læknis, og haft eftir honum ákveðin ummæli um sjúkdóminn. Kveðst Guðrún engan samdrátt hafa orðið vör við milli dóttur sinnar og ákærða.

Matthías Einarsson, lækni, hefir lýst því yfir, að hann ekki minnst þess, að Hansína hefði komið til sín umrætt skipti.

Forstöðumaður Hjalpræðishersins páverandi, Gestur Árskóg, hefir borið, að ákærði hefði ekki umrætt skipti skrifað nafn sitt í gestabók gistihússins, en það kveður forstöðumaðurinn ákærða, sem mjög oft gisti á Hernum, ávallt hafa gert endranær.

Auk þess, sem að framan greinir, hafa verið leidd allmörg vitni undir rannsókn málsins. Hafa sum þeirra borið, að sögur hafi farið af, að framkoma þeirra Hansínu og ákærða hvors gagnvart öðru, hafi verið óeðlilega innileg, án þess að fært hafi verið fram á þennan hátt nokkuð það, er út af fyrir sig hafi verulegt sönnunargildi um þetta atriði.

Eftir að rannsókn í máli þessu hófst, fór ákærði til Þingeyrar og dvaldi þar á sumrinu 1931. Þaðan skrifaði hann þeim mæðgunum Hansínu og móður hennar bréf, og hefir bréf frá honum þaðan til Hansínu verið lagt fram undir rannsókn málsins. Er bréf þetta mjög langt, og sumt í því á þá leið, að eigi verður annað sagt, en óviðfelldið og óeðlilegt sé í bréfi til stúlku á aldri Hansínu. Að ákærði þannig stendur í bréfaskriftum til þeirra mæðgna, eftir að mál þetta er komið upp, verður út af fyrir sig að teljast óeðlilegt og í ósamræmi við það, að ákærði fyrir réttinum segir, að hann eftir þann tíma hafi forðazt umgengni við þær.

Ákærði hefir upplýst, að hann hafi átt hárlokk af Hansínu og einnig, að hann hafi átt mynd af henni, en þessu

hvorutveggja segist ákærði hafa glatað. Þó að slíkt út af fyrir sig vitanlega sanni ekki neitt, þá virðist það samt sem áður, að ákærði geymir hárlokk af Hansínu, benda til kunningsskapar, nánari og annars eðlis en almennt gerist milli kennara og skólabarns.

Ákærði hefir neitað því, að hann hafi reynt að hafa nokkur áhrif á framburð Hansínu í máli þessu. Vitnið Guðriður Þóra Guðfinnsdóttir hefir borið, að það hafi komið að Móakoti veturinn 1930—1931, áður en ákærði gisti með Hansínu á Hernum. Hafi þá ákærði við Hansínu sagt þessi orð: „Hansína Kristín, þó þú sért Jónsdóttir, þá gerðu mig ekki að lygara, þú (sic) skalt eiga mig á fæti“, en eigi vissi vitnið, út af hverju ákærði viðhafði þessi orð. Hefir vitnið unnið eið að þessum framburði sínum. Ákærði kveðst ekki minnst þess, að hafa viðhaft þessi orð, en annars er framburður hans þessu viðvikjandi nokkuð í molum.

Það þykir nú verða að líta svo á, að með framburði Hansínu Kristínar Jónsdóttur og með tilliti til þess, að það er sannað, að umrædd ferð hennar til Reykjavíkur með ákærða, var farin undir fölsku yfirskini, að þau að ráðum ákærða gistu að nauðsynjalausum í sama herbergi í þrjár nætur á Hjálpræðishernum, að framburður eiðfesta vitna bendir í þá átt, að þau hafi þar sofið saman í sama rúminu, að ýmsar staðreyndir benda til þess, að nánara samband hafi verið milli ákærða og Hansínu en eðlilegt verður talið, og loks, að framburður ákærða er í ýmsum atriðum tortryggilegur og missagnakenndur, þá sé það nægilega sannað, að ákærði hafi haft holdlegar samfarir með fyrgreindri Hansínu Kristínu, er þau gistu saman á Hjálpræðishernum í febrúarmánuði 1931, en þá var Hansína aðeins 14 ára gömul, eða á fimmtánda árinu frá því 4. ágúst 1930, og verður eftir því, sem fyrir liggur í málinu, að ganga út frá því, að þetta hafi verið fyrstu samfarir stúlkunnar. Hefir ákærði því orðið brotlegur gegn 175. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing ákærða, sem undir rannsókn málsins sat í gæzluvarðhaldi frá 24. október til 9. desember 1931 og 21. febrúar til 16. marz 1934, eftir atvikum hæfilega ákveðin einfalt fangelsi í 2 mánuði.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal varðhaldskostnað sinn og 150 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, hrm. Péturs Magnússonar.

Eftir að dómariinn í máli þessu tók við því, hefir enginn óþarfur dráttur orðið á því, og rekstur málsins vitalaus.

Föstudaginn 21. júní 1935.

Nr. 153/1934. Réttvísín og valdstjórnin

(Th. B. Lindal)

gegn

Adolf Petersen, Brynjólfi Bjarnasyni,
Erlingi Klemenssyni, Guðjóni Benediktssyni, Guðna Guðmundssyni,
Gunnari Benediktssyni, Halldóri Kristmundssyni, Hauk Sigfried Björnssyni, Hjalta Árnasyni, Jafet Ottóssyni, Jóni Guðjónssyni, Ólafi Sigurðssyni, Stefáni Péturssyni, Þorsteini Péturssyni, Einari Olgeirssyni, Hirti B. Helgasyni, Indíönu Garibaldadóttur, Jens Figved, Matthíasi Guðbjartssyni, Runólfi Sigurðssyni og Þóroddi Þóroddssyni

(Sveinbjörn Jónsson)

Brot gegn 101. og 113. gr. alm. hegningarlaga m. m.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 16. maí 1933: Ákærðu Sigurður Ólafsson, Sigurjón A. Ólafsson og Torfi Þorbjörnsson skulu vera sýknir af ákæru réttvísinnar og valdstjórnarinnar í þessu máli.

Ákærður, Erlingur Klemensson, sæti 90 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.